



Aðgangsviðmið fyrir reiðmennsku og reiðkennslu við Hólaskóla – Háskólinn á Hólum

Almenn lýsing

Við upphaf náms við Háskólinn á Hólum þurfa nemendur að hafa gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti. Nemendur skulu hafa þekkingu á stærðfræð og tölfraði. Nemendur skulu geta notað tölvur sér til gagns og þekkja til algengustu ritvinnsluforríta og töflureikna. Nemendur í hestafræði skulu hafa reynslu af hestamennsku og geta sýnt grunnfærni í reiðmennsku. Æskilegt er að nemendur hafi grunnþekkingu í raunvísindum.

Aðgangsviðmið fyrir hestafræðideild – BS-nám í reiðmennsku og reiðkennslu

Umsækjandi skal hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi.

Umsækjandi skal standast inntökupróf í reiðmennsku.

Að auki er æskilegt að nemendur búi yfir hæfni á:

- 2. hæfniþrepi í náttúrufræði.
- 3. hæfniþrepi í ensku, einkum hvað varðar lestur fræðitexta.
- 2. hæfniþrepi í stærðfræði.
- Hafi lokið 5. Knapamerki.
- Hafi reynslu af tamningum og þjálfun

Hólum í Hjaltadal 24. desember 2013

Sveinn Ragnarsson, deildarstjóri

